



Gjaldskrá leikskóla Skagafjarðar

frá 10. ágúst 2026

Almennur dvalartími	Verð
Dvöl á tímabilinu 08:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga og 08:00-14:00 föstudaga. Verð per. klst á viku.	433 kr.*
Fyrir 15 mín. dvalartíma frá 07:45-08:00 á dag greiðast kr./mánuði	10.650 kr.
Fyrir 15 mín. dvalartíma frá 16:00-16:15 á dag greiðast kr./mánuði	5.325 kr.

* Fyrir barn sem skráð er frá 08:00-16:00 mánudaga til fimmtudaga og frá 08:00-14:00 á föstudögum eru greiddar 38 klst á viku eða 433 kr margfaldað með 38 = 16.454 kr. á mánuði.

Viðbótargjald	Verð
Gjald vegna vistunar á heilum skráningardögum, kr./dag	2.663 kr.
Gjald vegna vistunar eftir kl. 14:00 á föstudögum, kr./skipti	700 kr.

Fæðisgjald	Verð
Morgunhressing kr./mán.	4.066 kr.
Hádegisverður kr./mán.	8.848 kr.
Síðdegishressing kr./mán.	4.066 kr.
Samtals fyrir fullt fæði	16.980 kr.

Systkinaafsláttur

Systkinaafsláttur er veittur af dvalargjaldi, 50% við 2. barn og 100% við 3. barn.

Viðbótarniðurgreiðsla

Viðbótarniðurgreiðsla á grundvelli tekna er veitt af dvalargjaldi og þurfa foreldrar að sækja um það sérstaklega. Tekjuviðmið skiptast í tvö þrep og er viðbótarniðurgreiðslan annars vegar 40% af almennu gjaldi og hins vegar 20% af almennu gjaldi.

Sektargjald ef dvalartími er ekki virtur

Sæki foreldrar barn sitt eftir umsaminn dvalartíma eða mæti með það fyrir umsaminn dvalartíma tvisvar á hvorri önn (janúar - júní og júlí - desember) greiða þeir 10.000 kr. í sektargjald í hvert skipti umfram tvö skiptin.



Innheimta leikskólagjalda

1. Gjöld eru greidd fyrirfram, gjalddagi er fyrsta hvers mánaðar. Dvalargjald skal greitt fyrir umsaminn dvalartíma óháð mætingu barns. Ef barn er fjarverandi samfellt í 4 vikur eða meira geta foreldrar/forráðamenn óskað eftir að fæðisgjald sé fellt niður þann tíma.
2. Eindagi er 15 dögum eftir gjalddaga, dráttarvextir reiknast frá eindaga.
3. Ef gjald hefur ekki verið greitt að mánuði liðnum frá gjalddaga er viðkomandi foreldrum/forráðamönnum sent ítrekunarbréf þar sem þeim er tilkynnt að leikskólaplássinu verði sagt upp ef ekki er staðið í skilum.
4. Hafi greiðsla ekki borist eða um hana verið samið eftir einn mánuð (30 daga) frá eindaga, er foreldrum/forráðamönnum afhent uppsagnarbréf þar sem plássi barnsins er sagt upp frá og með 1. degi næsta mánaðar. Gefinn er 10 daga frestur til að ganga frá greiðslu vangoldinna gjalda. Að þeim tíma liðnum er send lokaaðvörðun og lögfræðingi falið að innheimta gjaldið.
5. Hægt er að sækja um sérgjald vegna sérstakra aðstæðna. Fræðslunefnd tekur umsókn þar að lútandi fyrir í trúnaðarbók nefndarinnar.